

Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild hjá Blaksambandi Íslands

1. Almenn ákvæði

1.1. Gildissvið reglugerðarinnar

Þessi reglugerð gildir um alla leikmenn sem taka þátt í efstu deild Íslandsmótsins í blaki og skilgreinir hvað telst sem íslenskur leikmaður.

2. Skilgreining á íslenskum leikmanni

Til íslenskra leikmanna teljast þeir sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa íslenskan ríkisborgararétt.
- Einstaklingur sem hefur leikið keppnisleik á Íslandi fyrir 14 ára aldur telst sem íslenskur leikmaður, samkvæmt reglum FIVB í lið 2.1.

TILLAGA AÐ BREYTINGU 1/VIÐBÓTAR ÁKVÆÐI.

Einstaklingur sem hefur leikið keppnisleik á Íslandi fyrir 18 ára aldur telst sem Íslenskur leikmaður. (((útskýring; Hér er verið að taka tillit til þess að á Íslandi er blak í mikilli samkeppni við aðrar ríkjandi boltagreinar sem og handbolta, körfubolta og fótbolta og er því meðalaldur iðkenda sem byrja í blaki hærri. Einnig er verið að horfa til innflytjendur/flóttamenn sem koma hér til þess að öðlast betra líf sem getur verið eftir 14 ára aldur.)))

• TILLAGA AÐ BREYTINGU 2/VIÐBÓTAR ÁKVÆÐI.

Einstaklingur sem hefur leikið 5 tímabil í efstu deild í blaki á Íslandi samfelld án nokkurs hlés telst þá sem Íslenskur leikmaður.

2.1. Reglur FIVB um upprunafélag

Samkvæmt FIVB er "upprunafélag" (e. Federation of Origin) leikmanns það félag sem fyrst gefur út leikheimild eða skráir leikmanninn á tímabilinu sem hann verður 14 ára. Leikmaður sem byrjar að spila blak á Íslandi fyrir 14 ára aldur, eða hefur íslenskt upprunafélag samkvæmt FIVB, telst íslenskur leikmaður.

- Leikmaður getur skipt um upprunafélag ef hann hefur ekki leikið með aðallandsliði þess, hefur búið samfelld í nýja landinu í að minnsta kosti þrjú ár og hefur fengið ríkisfang þess. **(mögulega fella þetta ákvæði út ef leikmaður er undir 18 ára aldri reglan kemur inn í staðinn?)**

3. Fjöldi íslenskra leikmanna á vellinum

3.1. Lágmarksfjöldi íslenskra leikmanna á vellinum

Í öllum leikjum efstu deildar Íslandsmótsins í blaki skulu vera þrír (3) íslenskir leikmenn á vellinum hjá hverju liði á hverjum tíma.

• TILLAGA AÐ BREYTINGU 3

Í öllum leikjum efstu deildar Íslandsmótsins í blaki skulu vera tveir (2) íslenskir leikmenn á vellinum hjá hverju liði á hverjum tíma.

• TILLAGA AÐ BREYTINGU 4

Í öllum leikjum efstu deildar Íslandsmótsins í blaki skulu vera einn (1) íslenskur leikmaður á vellinum hjá hverju liði á hverjum tíma.

• TILLAGA AÐ BREYTINGU 5

Í öllum leikjum efstu deildar Íslandsmótsins í blaki skulu vera þrír (3) íslenskir leikmenn í sjö manna byrjunarliði hjá hverju liði þó svo að leikmenn sé ekki samtímis á velli.

4. Viðurlög við brotum á reglunum

Ef lið teflir fram færri en þremur íslenskum leikmönnum á vellinum í leik verða eftirfarandi viðurlög virk:

Aðlögunartímabil (sem gæti verið til 2 ára td)

- Hvert lið í úrvalsdeild fær tvær aðvaranir á leiktímabili sem ná yfir deildarkeppni, bikarkeppni og Íslandsmeistarakeppni.
- Ef lið fer ekki eftir reglugerð þessari verður gefin aðvörun sem skráð verður á leikskýrslu, ef lið fá 2 aðvaranir verður þriðja aðvörun talin sem fyrsta brot og tapar viðkomandi lið 3-0 og 75.000 ISK sekt.
- Hægt er að fá allar aðvaranir í einum leik í hvaða keppni sem er.
- Dómurum ber skylda að skrá á leikskýrslu ef aðvörun var gefin, ef aðvörun er ekki skráð á leikskýrslu og hún er samþykkt af öllum aðilum er talið sem svo að aðvörun hafi ekki verið gefin.

- Fyrsta brot: 3-0 tap (25-0, 25-0, 25-0) og 75.000 ISK sekt.
- Annað brot: 3-0 tap (25-0, 25-0, 25-0) og 150.000 ISK sekt.
- Þriðja brot: Lið getur verið dæmt úr leik í mótinu.

Ef brot á reglunni á sér stað í úrslitaleik eða úrslitakeppni, er sektin tvöfölduð.

Ef bort á reglunni eiga sér stað í úrslitaleik eða úrslitakeppni, eiga aðvaranir ekki við og verður sektin tvöfölduð.

Vangavelta: Bikarkeppni hefur verið keppni sem öll lið í hvaða deildum sem er geta tekið þátt í, mun þessi regla gilda þá fyrir öll liðin sem ákveða að taka þátt eða verður veitt undan þága fyrir þau lið sem skrá sig en eru spilandí í 1. Deild eða neðri deildum. Ef svo þá þarf að búa til ítarlegri reglugerð þessi núverandi reglugerð frá BLÍ er ókláruð og ekki nógu ítarleg.